




Sjálfsmatsskýrsla Myllubakkaskóla

2014-2015

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Um skólann.....	4
2.1	Skólastefna Myllubakkaskóla	5
3	Viðfangsefni mats 2014-2015.....	7
4	Skólapúlsinn	9
4.1	Nemendakönnun.....	9
4.1.1	Virkni nemenda í skólanum.....	10
4.1.1.1	Ánægja af lestri	11
4.1.1.2	Þrautseigja í námi	12
4.1.1.3	Trú á eigin vinnubrögð í námi.....	12
4.1.1.4	Trú á eigin námsgetu.....	12
4.1.2	Líðan og heilsa	13
4.1.2.1	Sjálfsálit.....	13
4.1.2.2	Stjórn á eigin lífi	14
4.1.2.3	Vellíðan	15
4.1.2.4	Einelti.....	15
4.1.2.5	Tíðni eineltis	16
4.1.2.6	Hreyfing	17
4.1.2.7	Mataræði	18
4.1.3	Skóla- og bekkjarandi.....	18
4.2	Foreldrakönnun.....	19
4.2.1	Nám og kennsla	19
4.2.1.1	Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	20
4.2.1.2	Ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra.....	20
4.2.1.3	Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	21
4.2.2	Velferð nemenda.....	21
4.2.3	Aðstaða og þjónusta	22
4.2.4	Foreldrasamstarf.....	23
4.2.5	Heimastuðningur.....	24
4.3	Starfsmannakönnun	26
4.3.1	Almennar rekstrarupplýsingar	27
4.3.2	Allir starfsmenn – Almennt.....	28
4.3.3	Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans.....	29
4.3.4	Kennarar – Kennarastarfið.....	30
4.3.5	Kennarar – Starfsumhverfi kennara	32
4.3.6	Kennarar – Símenntun kennara	34
5	Lestrarskimanir.....	35
5.1	Læsi.....	36

Sjálfsmatsskýrsla 2014-2015

5.2	Logos-læsissskimun.....	36
5.2.1	Logos-læsissskimun í 3. bekk.....	37
5.2.2	Logos-læsissskimun í 6. bekk.....	40
5.2.3	Logos-læsissskimun í 9. bekk.....	42
6	Talnalykill	44
6.1	Talnalykill í 3. bekk	44
6.2	Talnalykill í 6. bekk	45
7	Samræmd próf.....	46
7.1	4. bekkur	47
7.2	7. bekkur	47
7.3	10. bekkur	47
8	Lokaorð	47

1 Inngangur

Í lögum um grunnskóla er kveðið á um að sérhver grunnskóli skuli innleiða aðferðir til að meta skólastarfið. Sjálfsmat skóla er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Skipulag innra mats í Myllubakkaskóla byggir á grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðið er sett um stöðugan vöxt og árangur í skólastarfinu og til að Myllubakkaskóli sé í röð fremstu grunnskóla landsins, þó með þeim formerkjum að stefnt er að því að bæta námsárangur og vellíðan nemenda og starfsfólks eins og kemur fram í Framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Samkvæmt grunnskólalögum er markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (lög um grunnskóla nr. 91, 2008).

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða mat sem skólar framkvæma sjálfir, innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila, ytra mat.

Innra mat á að vera samofið daglegu starfi skóla, efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg viðbrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Niðurstöður skal nýta til umbóta í skólastarfi að höfðu samráði við skólaráð.

Stjórnendur setja upp áætlun um innra mat til þriggja ára í senn og leggja fyrir á starfsmannafundi. Áætlunin er fyrir árin 2013-2017 og er birt á heimasíðu skólans, kynnt skólaráði og samþykkt á starfsmannafundi. Hlutverk stjórnenda í samstarfi við starfsmenn er að fylgja eftir sjálfsmatsáætlun, aðstoða við fyrirlögn kannana,

vinna úr niðurstöðum þeirra og sjá til þess að kynna niðurstöður fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum og birta þær á heimasíðu. Eftir þeim niðurstöðum vinnur sjálfsmatsteymið, í samráði við stjórnendur, að umbótaáætlun. Þeirri áætlun er ætlað að bæta skólastarf í þeim þáttum sem bæði innra og ytra mat sýna að þarfnist betrubóta. Umbótaáætlun er aðgengileg á heimasíðu skólans.

2 Um skólann

Myllubakkaskóli er einsetinn, langskiptur grunnskóli með um 320 nemendur í 16 bekkjardeildum í fyrsta til tíunda bekk. Starfsmenn eru rúmlega 60 þar af eru kennarar 33. Myllubakkaskóli sem áður hét Barnaskólinn í Keflavík rekur sögu sína allt aftur til ársins 1897. Núverandi húsnaði hefur verið byggt í áföngum allt frá árinu 1948 til ársins 2000 þegar nýjasta álman var tekin í notkun. Skólinn tók til starfa árið 1952 í núverandi húsnaði og er skipt í fjögur kennslusvæði, gula, græna, rauða og bláa gang. Yngstu nemendurnir eru á gula gangi og þeir elstu á bláa gangi. Auk almennra kennslustofa og sérgreinastofa er í skólanum vel búið bókasafn, matsalur/salur, félagsaðstaða, stjórnunarrými og aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, námsráðgjafa, þroskajálfa og sálfræðing. Íþróttahús er áfast skólabyggingunni og þar fá nemendur 1. - 6. bekkja íþróttakennslu en nemendur 7. - 10. bekkja sækja íþróttakennslu í íþróttahúsið við Sunnubraut. Sundkennsla fer fram í Vatnaveröld. Tónlistarskóli Reykjanesbæjar hefur kennslu aðstöðu í kjallara skólans og þar fer fram hluti af tónlistarnámi nemenda skólans. Frístundaskólinn hefur einnig aðstöðu innan Myllubakkaskóla.

Skólastjóri er Bryndís Björg Guðmundsdóttir og aðstoðarskólastjóri er Guðmundur Steinar Jóhannsson. Deildarstjóri er Eva Björk Sveinsdóttir. Umsjónarmaður námsvers fyrir 1.- 6. bekk er Heba Friðriksdóttir, námsvers fyrir 7. - 10. bekk er Freydís Kneif Kolbeinsdóttir. Umsjónarmaður Fjölbjóðavers er Svana A. Daðadóttir og umsjónarmaður Bergsins er Hlynur Jónsson.

2.1 Skólastefna Myllubakkaskóla

Hverjum skóla er nauðsynlegt að hafa ákveðna stefnu til að vinna eftir og ekki síst til að átta sig á því fyrir hvað hann stendur. Myllubakkaskóli stendur fyrir virðingu, ábyrgð og jafnrétti, þar sem nemendum er kennt að til þess að ná hvers kyns árangri þá verði þeir að bera ábyrgð á sjálfum sér og sínu námi. Nemendur verða einnig að bera virðingu fyrir samnemendum, foreldrum og starfsfólki, enda er virðing grunnforsenda fyrir samskiptum og skoðanaskiptum á jafnréttisgrundvelli. Myllubakkaskóli hefur unnið að jafnréttisáætlun, sem er aðgengileg á heimasíðu skólans. Þar koma þessir þættir fram og mynda þeir sameiginlega sýn og stefnu allra í skólanum gagnvart jafnrétti og leiðum að auknu jafnrétt. Myllubakkaskóli hefur haft þessa sýn að leiðarljósi og kemur hún ef til vill best fram í vinnu með fjölbreyttum nemendahóp þar sem hver og einn fær að stunda skólann á sínum forsendum, þar sem tekið er tillit til þarfa nemenda.

Einkunnarorð skólans eru:

VIRÐING - ÁBYRGÐ - JAFNRÉTTI - ÁRANGUR

Markmið

Myllubakkaskóli vill:

- að nemendum líði vel og að allir fái notið sín
- að nám og kennsla sé við hæfi nemenda
- efla og styrkja sjálfsmynd nemenda
- jákvæðan aga, kurteisi og umhyggju í samskiptum
- að foreldrar/forráðamenn taki virkan þátt í skólastarfinu
- gott samstarf milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks skólans
- halda uppi öflugu starfi í listgreinum og íþróttum
- stuðla að jafnrétti milli kynja og ólíkra menningarheima
- efla ábyrgð nemenda á eigin námi
- metnaðarfullt og árangursríkt skólastarf

Leiðir

Hlýlegt umhverfi og jákvætt viðmót stuðlar að vellíðan jafnt nemenda sem starfsmanna. Virðing, ábyrgð, jafnrétti og árangur eru þau gildi sem höfð eru að leiðarljósi við stefnumótun Myllubakkaskóla. Áhersla er á virðingu í víðtækum skilningi, virðingu fyrir öðrum nemendum og starfsfólki. Virðingu fyrir fólki með mismunandi bakgrunn og skoðanir. Með því að sýna öllum virðingu stuðlum við að jafnrétti milli kynja og ólíkra menningarhópa. Mikilvægt er að samvinna takist á milli allra þeirra sem koma að skólastarfinu, að allir séu metnir að verðleikum og að styrkleikar hvers og eins fái notið sín. Með virkri samvinnu getur okkur tekist að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett eru fram í stefnu skólans. Allir sem koma að skólastarfinu, nemendur, foreldrar og starfsfólk skólans, bera sameiginlega ábyrgð á því að góður árangur náist.

3 Viðfangsefni mats 2014-2015

	Heiti mats – hvað kannað	Matsaðilar	Tímasetning mats	Þátttakendur	Stefna og markmið	Nám og kennsla	Námsmat	Nemendur	Starfsfólk og starfsmannastjórnun	Aðbúnaður	Stjórnun	Ytri tengsl	Annað
Skólanámskrá	Endurskoðun skólanámskrár Myllubakkaskóla, aðlöguð að nýrri aðalnámskrá.	Stjórnendur og kennarar.	Allt skólaárið.	Allir starfsmenn, foreldrar og skólaráð.	x	x	x						
Skólapúlsinn	Nemendakönnun: virkni nemenda, líðan nemenda bekkjarandi.	Skólapúlsinn. Verkefnastjóri tölvumála leggur fyrir.	4 mælingar, tvær á haustönn og tvær á vorönn.	Nemendur 6. – 10. b. - úrtak í hverri mælingu.		x		x		x			
Samræmd próf	Námsleg staða í íslensku, stærðfræði í 4., 7. og 10. bekk og ensku í 10. b.	Samræmd próf Námsmatsstofnun	September.	Nemendur í 4., 7. og 10. b.		x		x					
Teymi	Niðurstöður teyma. Á skólaárinu starfa, teymi á öllum stigum. Teymin skila skýrslum í lok skólaárs með tillögum að úrbótum og upplýsingum hvað gert var á árinu.	Kennarar. Fundir allt skólaárið.	Skýrslugerð að vori.	Kennarar.	x	x	x						
Samtöl	Mat á mætingu foreldra og fyrirkomulagi samtalsdaga.	Skólastjórnendur.	Tvisvar á ári.	Umsjónarkennarar.		x		x					x
	Starfsmannasamtöl.	Stjórnendur	Feb. - mars.	Allir starfsmenn.	x				x	x	x		
Lestrarskimanir	Læsi 1.	Umsjónarkennarar í samráði við deildarstjóra.	Nóv., feb. og apríl.	1. bekkur.		x		x					
	Læsi 2.	Umsjónarkennarar í samráði við deildarstjóra.	Nóv. og apríl.	2. bekkur.		x		x					

Sjálfsmatsskýrsla 2014-2015

	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	Janúar.	3. bekkur.		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	Október.	6. bekkur		x		x					
	Logos lesskimun, lestrarhraði og lesskilningur	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra og umsjónarkennara.	September.	9. bekkur.		x		x					
	Orðarún – lesskilningur.	Umsjónarkennarar	Lagt fyrir tvisvar á ári.	Nemendur 3. – 8. b		x		x					
	Leið til læsis. Sjónrænn orðaforði og lesfimi.	Kennarar 1.-4. bekkja í samráði við deildarstjóra og sérkennara.	Tvisvar á ári.	Nemendur í 1. - 4. bekk.		x		x					
Stærðfræðiskimanir	Hóppróf talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra.	Nóvember.	3. bekkur.		x		x					
	Hóppróf talnalykils	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við deildarstjóra.	Október.	6. bekkur.		x		x					
Stafsetning	Stafsetning (GRP14) lögð fyrir 9. bekkina	Fræðsluskrifstofa Reykjaneshæjar í samvinnu við íslenskukennara.	September.	9. bekkur.		x		x					
Framkvæmdamat	Á skólaárinu fara fram hinir ýmsu viðburðir í skólanum. Þetta eru viðburðir eins og jólahátíð, öskudagur, árshátíð, vorhátíð, þemadagar, skólaþing, skólaslit og fleira. Framkvæmdamat er gert eftir hvern viðburð.	Skólalastjórnendur, allt skólaárið	Allt skólaárið.	Starfsmenn skóla. Nemendur og foreldrar þegar við á.	x			x	x	x	x	x	x

4 Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er matstæki sem skólinn notar til að meta viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna til hinna ýmsu þátta í skólastarfinu. Skólapúlsinum er ætlað að mæla ýmsa þætti er snúa að vellíðan og stöðu nemenda án þess að skírskota til einkunna, því einkunnir eru ekki eini mælikvarðinn á gott og farsælt skólastarf. Öll börn eiga skilið að mennta sig og þroskast í góðu skólaumhverfi.

Þegar farið er yfir niðurstöður skólapúlsins þá eru dregnir fram þeir þættir í niðurstöðum þar sem munur á milli talna Myllubakkaskóla og landsmeðaltals er tölfræðilega marktækur. Hátt gildi á kvarða sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni nemenda í skólanum. Sem viðmiðunarregla er munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur, munur upp á 1,0 stig telst töluverður munur og munur upp á 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Í niðurstöðum eru dregnir fram þeir þættir þar sem munur á milli niðurstaðna þátta í Myllubakkaskóla er tölfræðilega marktækur miðað við landsmeðaltal, sem og aðrar athyglisverðar niðurstöður sem vert þykir að komi fram.

Viðmið Myllubakkaskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

4.1 Nemendakönnun

Nemendur í 6. – 10. bekk komu í mismunandi stórum hópum í september, janúar og maí til að svara spurningum í Skólapúlsinum. 132 nemendur af 142 svöruðu nemendakönnuninni skólaárið 2014-2015, svarhlutfall því 93%.

Í nemendakönnuninni eru fjórir flokkar þátta, virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skóla- og bekkjarandi og opin svör. Þessir flokkar innihalda eftirfarandi þætti:

Virkni nemenda í skólanum

Ánægja af lestri, þrautseigja í námi, áhugi á stærðfræði, ánægja af náttúrufræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og trú á eigin námsgetu.

Líðan og heilsa

Sjálfsálit, stjórn á eigin lífi, vellíðan, einelti, tíðni eineltis, staðir eineltis, hreyfing og mataræði.

Skóla- og bekkjarandi

Samsömun við nemendahópinn, samband nemenda við kennara, agi í tímum, virk þátttaka nemenda í tímum og mikilvægi heimavinnu í náminu.

Opin svör

Spurningar um hvað nemendum þykir gott við skólann og hvað þeim þykir slæmt.

Hver þáttur er byggður upp af mismunandi mörgum spurningum. Valið á spurningunum sem í þeim eru byggir að mestu á rannsóknum á íslenskum PISA gögnunum og kvörðum frá Námsmatsstofnun og HBSC (Health Behaviour in School-Aged Children) rannsókninni sem er samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Lýðheilsustöðvar. Valið er endurskoðað árlega að vori á samráðsfundi með notendum kerfisins.

4.1.1 Virkni nemenda í skólanum

Í flokknum *virgni nemenda í skólanum* eru sex þættir og koma þeir fram í töflu eitt. Eins og sést á töflunni er munurinn á milli niðurstaðna í Myllubakkaskóla ýmist í plús eða mínus, en það sem skiptir mestu máli er stjörnumerktur mismunur en þá er mismunurinn tölfræðilega marktækur. Nemendur hafa sem sagt minni ánægju af lestri, minni þrautseigju í námi, minni trú á eigin vinnubrögð í námi og minni trú á eigin námsgetu samanborið við landsmeðaltal. En þó er vert að hafa í huga að miðað við skilgreiningar að ofan þá telst munur upp á 0,5 stig ekki mikill munur.

Tafla 1 Virkni nemenda í skólanum


Virkni nemenda í skólanum			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja af lestri	4,6	5,0	-0,4*
Þrautseigja í námi	5,2	5,6	-0,4*
Áhugi á stærðfræði	5,6	5,5	+0,1
Ánægja af náttúrufræði	4,9	4,9	0,0
Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,7	4,9	-0,2*
Trú á eigin námsgetu	4,2	4,7	-0,5*

Nánari athugun á þessum þáttum leiðir ýmislegt í ljós og verður farið ítarlegra í hvern þátt.

4.1.1.1 Ánægja af lestri

Samkvæmt OECD hafa fyrri rannsóknir sýnt að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til lesturs betri lesskilning. Jafnframt kemur fram á að ánægja af lestri bætir upp neikvæð áhrif af bágri félagslegri stöðu.


Ánægja af lestri innan Myllubakkaskóla er minni en á landsvísu og kemur sérstaklega á óvart að það sé tölfræðilega marktækur munur hjá stelpum samanborið við landsmeðaltal en ekki á meðal stráka í Myllubakkaskóla.



Mynd 1 Ánægja af lestri eftir kyni

4.1.1.2 Þrautseigja í námi

Þrautseigja í námi vísar til þess hversu mikið nemandinn leggur sig fram og miðað við niðurstöður þá hafa nemendur Myllubakkaskóla marktækt minni þrautseigju í námi miðað við landsmeðaltal. Þegar kynin eru skoðuð þá kemur aftur fram að stelpur í Myllubakkaskóla eru marktækt með minni þrautseigju í námi miðað við landið en sá munur er ekki marktækur á meðal stráka í Myllubakkaskóla.



Mynd 2 Þrautseigja í námi eftir kyni

4.1.1.3 Trú á eigin vinnubrögð í námi

Með vinnubrögðum í námi er átt við kerfisbundna viðleitni nemandans til að beina hugsunum sínum, tilfinningum og athöfnum að því að uppfylla eigin námsmarkmið. Flestar kenningar sem fjalla um vinnubrögð í námi leggja mikið upp úr tengingunni við markmiðssetningu. Þá með þeim hætti að markmiðin eigi að leiðbeina nemanda í átt að uppfyllingu á eigin markmiðum, þ.e. leiðum, vinnubrögðum, árangri og sjálfsskoðun.

Myllubakkaskóli hefur sett í umbótaáætlun markmiðasetningu nemenda, hvenær hún fer fram og eftirfylgni við hana.

4.1.1.4 Trú á eigin námsgetu

Trú á eigin námsgetu vísar til trúar nemandans á því að hann geti klárað tiltekið námstengt viðfangsefni s.s. náð prófum, sýnt tiltekna hæfni eða uppfyllt önnur námsmarkmið. Sýnt hefur verið fram á tengsl milli ríkrar trúar á eigin námsgetu og framfara í námi og eins á milli lágrar trúar á eigin námsgetu og lítilla framfara.

Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar til að efla trú nemenda á eigin námsgetu. Ein þeirra miðar að því að vinna skipulega með vinnubrögð í námi og fá nemendur

þannig til að finnast þeir ráða við verkefni þrátt fyrir að þau séu álitin krefjandi í fyrstu.

Til að bregðast við niðurstöðum þyrfti að setja fram markvissa kennslu í vinnubrögðum og námstækni hjá nemendum í 6. – 10. bekk. Myllubakkaskóli gæti ef til vill myndað heildstæða stefnu í þeirri kennslu, en ábyrgð væri þá hjá námsráðgjafa og umsjónarkennurum.

4.1.2 Líðan og heilsa

Nemendur Myllubakkaskóla eru almennt undir landsmeðaltali í þeim þáttum sem koma fram í töflu 2. Nemendur upplifa þó meira hér en annars staðar að hafa minna sjálfsálit, minni stjórn á eigin lífi og upplifa minni vellíðan samanborið við landið. Nemendur Myllubakkaskóla hreyfa sig að jafnaði minna en nemendur á landsvísu.

Tafla 2 Líðan og heilsa samkvæmt nemendum


Líðan og heilsa			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Sjálfsálit	4,5	5,0	-0,5*
Stjórn á eigin lífi	4,5	5,0	-0,5*
Vellíðan	4,1	4,6	-0,5*
Einelti	6,0	5,3	-0,7*
Tíðni eineltis	13,0%	10,3%	2,7%
Hreyfing	61,2%	70,5%	-9,3%*
Mataræði	4,7	5,0	-0,3*

Leiðir til að vinna með þessa þætti gætu verið fólgnir í markvissri sjálfsstyrkingu hjá nemendum. Starfsfólk þyrfti að fá leiðbeiningar um æfingar kennsluefnis sem myndi endurspegla þá ætlun að vinna markvisst með sjálfsálit og vellíðan nemenda.

4.1.2.1 Sjálfsálit

Mæling á sjálfsáliti gefur til kynna hve mikils virði nemandanum finnst hann vera. Þegar mæling á þættinum í Myllubakkaskóla er skoðuð nánar kemur í ljós að stelpur mælast marktækt lægra í þessum þætti samanborið við landið en það kemur ekki


marktækur munur fram hjá strákum í Myllubakkaskóla miðað við stráka á landsvísu.



Mynd 3 Sjálfsálit eftir kyni

4.1.2.2 Stjórn á eigin lífi

Mæling á stjórn á eigin lífi segir til um hvað nemandinn heldur að orsaki velgengni eða hrakfarir í hans eigin lífi. Þær geta annað hvort verið af hans eigin völdum eða annarra t.d. umhverfisins eða annars fólks. Rannsóknir hafa sýnt að þeir sem gefa til kynna að þeir hafi mikla stjórn á eigin lífi eru líklegri til að: leggja mikið á sig til að ná góðum árangri, vera þolinmóðari í að bíða eftir árangri sem ekki sést strax og setja sér langtíamarkmið.




Mynd 4 Stjórn á eigin lífi eftir kyni

Enn og aftur þegar gögnin eru skoðuð nánar kemur fram marktækur munur hjá stelpum í Myllubakkaskóla og stelpum á landsvísu, en stelpum í Myllubakkaskóla finnst þær hafa marktækt minni stjórn á eigin lífi.

4.1.2.3 Velliðan

Stelpur í Myllubakkaskóla upplifa marktækt minni velliðan miðað við stelpur á landinu öllu, en sá munur kemur ekki fram þegar strákar í Myllubakkaskóla eru bornir saman við stráka á landsvísu.



Mynd 5 Velliðan eftir kyni


4.1.2.4 Einelti

Notast er við skilgreiningu norska fræðimannsins Dan Olweus á einelti, en samkvæmt honum þá er um einelti að ræða þegar einstaklingur verður ítrekað fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig. Þolendur eineltis glíma oft við langtíma tilfinningaleg og hegðunarleg vandamál. Einelti getur orsakað einmannakennd, þunglyndi og kvíða og leitt til lélegrar sjálfsmyndar.

Myllubakkaskóli starfar eftir ritinu *Stöndum saman* sem er ætlað að upplýsa og vinna á einelti. Farið er yfir þann bækling og unnið með hann einu sinni á ári. Til að draga úr meintu einelti mætti vinna ítarlegar og oftari með þann bækling. Síðan yrði athugað hvort sú vinna hafi skilað árangri í næstu mælingu Skólapúlsins.

Þegar kynin eru skoðuð þá kemur fram marktækur munur hjá bæði strákum og stelpum miðað við landið allt. Munurinn er lítil hjá strákum eða -0,5 en talsverður hjá stelpum eða -0,7.


Sjálfsmatsskýrsla 2014-2015



Mynd 6 Einelti eftir kyni

4.1.2.5 Tíðni eineltis


Tíðni eineltis er skilgreint sem hlutfall nemenda sem hafa upplifað einelti undanfarið ár. Ekki kemur fram marktækur munur á milli Myllubakkaskóla og á landinu öllu. Það sem þykir vert að taka fram er að tíðni eineltis hefur minnkað í Myllubakkaskóla á milli ára eins og reyndar á landinu öllu en sú lækkun er umtalsvert meiri í Myllubakkaskóla en á landsvísu.



Mynd 7 Tíðni eineltis - Ársmeðaltöl


4.1.2.6 Hreyfing

Mæling á hreyfingu var gerð með spurningum um ánægju af hreyfingu og hversu oft nemandi hafði stundað hreyfingu á vissu tímabili. Niðurstöður sýna hlutfall nemenda sem voru sammála eða mjög sammála fullyrðingum um hreyfingu. Það sem kemur helst fram er að mæliþátturinn hreyfing eykst á landsvísu á milli ára en dregst saman í Myllubakkaskóla, eins og myndin hér að neðan sýnir.



Mynd 8 Hreyfing - Ársmeðaltöl

Niðurstöður sýna einnig að um kynjamun er að ræða en strákar í Myllubakkaskóla hreyfa sig marktækt minna en strákar á landinu öllu, sá munur hjá stelpum er ekki marktækur en kemur þó fram.



Mynd 9 Hreyfing eftir kyni

4.1.2.7 Mataræði

Mæling á mataræði var bætt við Skólapúlsinn haustið 2013. Hærra gildi á mælikvarðanum lýsir heilsusamlegu mataræði, þ.m.t. meiri neyslu ávaxta, grænmetis og vítamíns og/eða minni neyslu skyndibita og gosdrykkja. Í Myllubakkaskóla skora nemendur marktækt lægra í þessum þætti en nemendur á landinu öllu, munurinn er þó lítil eða -0,3 stig. Nemendur Myllubakkaskóla borða þá marktækt óhollar en nemendur á landsvísu

4.1.3 Skóla- og bekkjarandi

Skóla- og bekkjarandi kemur ágætlega út í Myllubakkaskóla en tölur eru við landsmeðaltal í þremur þáttum af fimm. Í samsömun við nemendahópinn og mikilvægi heimavinnu í náminu kemur Myllubakkaskóli marktækt verr út samanborið við nemendur á landinu öllu, en sá munur er lítil eða undir 0,5 stigum.

Tafla 3 Skóla- og bekkjarandi að mati nemenda

Skóla- og bekkjarandi			
Matsþáttur	Skólinn	Landið	Mismunur
Samsömun við nemendahópinn	4,5	4,9	-0,4*
Samband nemenda við kennara	5,4	5,5	-0,1
Agi í tímum	5,2	5,1	+0,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	5,4	-0,2
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,6	5,0	-0,4*

Samsömun við nemendahópinn dregur saman viðhorf nemenda til skólans, meta að hve miklu leyti nemendum finnst þeir tilheyra skólanum, að skólinn sé staður þar sem þeim líði vel. Allur neikvæður munur frá landsmeðaltali í þessum þætti er mikilvægur, því við viljum að nemendum líði vel í skólanum og samsami sig við hann.

Mikilvægi heimavinnu í náminu hefur alltaf verið talin mikilvæg en rannsóknir eru þó ekki einorða um það og eru aðrir þættir sem hafa þar einnig áhrif eins og kennsluaðferðir og fleira. Tveir þættir koma þó fram í niðurstöðum þar sem möguleiki er á bætingu í þessum þætti en nemendum finnst ekki nógu oft farið yfir heimavinnuna sína og að hún sé ekki nægjanlega stór hluti af lokaekinn. Sé farið

yfir þessa tvo þætti og þeir bættir þá mætti jafnvel bæta viðhorf nemenda varðandi mikilvægi heimavinnu í náminu til hins betra.

4.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnunin mælir 48 þætti í fimm flokkum. Flokkarnir eru: nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur. Könnunin var framkvæmd í febrúar. Könnunin var lögð fyrir foreldra barna á öllum aldurstigum grunnskólans. Búið er til 120 foreldralíkindaúrtak úr lista sem skólinn sendir inn í kerfið í janúar. Í þeim tilfellum þar sem tvö netföng eru skráð á foreldra er spurningalistanum skipt í tvennt og helmingur listans sendur á sitt hvort netfangið. Öðru hvoru foreldrinu eða báðum í sameiningu er þó frjálst að svara báðum hlutum. Fjöldi þátttakenda í Myllubakkaskóla var 119. Fjöldi svarenda var 109 og svarhlutfall 91,6%.

Mælingar eru ýmist birtar sem tugabrot eða prósentutala. Ef niðurstaða í ákveðnum þætti er eingöngu byggð á einum þætti þá er um prósentutölu að ræða. Sem viðmiðunarregla er meðaltalsmunur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Viðmið Myllubakkaskóla er að vera á landsmeðaltali eða yfir því.

4.2.1 Nám og kennsla

Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til staðhæfinga um margar hliðar skólans, kennslunnar og námsins, eins og sést í töflu 4 hér að neðan. Í henni kemur fram að í þáttunum *ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum*, *ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra og hæfilegur agi í skólanum* að mati foreldra, er skólinn marktækt yfir landsmeðaltali.

Tafla 4 Nám og kennsla að mati foreldra

Nám og kennsla			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,9	5,2	+0,7*
Nám í tak við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	5,2	5,1	+0,1
Ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra	97,1%	91,1%	+6,0%*
Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	80,8%	84,6%	-3,8%
Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	85,6%	77,9%	+7,7%*
Hæfileg áhersla á námsmat með hefðb. prófum að mati foreldra	79,0%	77,2%	+1,8%
Hæfileg áhersla á annað námsmat en hefðb. próf að mati foreldra	75,5%	77,3%	-1,8%

4.2.1.1 Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum

Mælikvarðinn byggir á viðhorfum foreldra til staðhæfinga um gæði skólans, kennslunnar og námsins. Mælikvarðinn tekur gildi frá 0 til 10, með meðaltal 5. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur er sterkt einkenni foreldra í skólanum. Foreldrar Myllubakkaskóla eru almennt meira ánægðir með nám og kennslu í skólanum en foreldrar á landsvísu, en munurinn er 0,7 stig og telst sá munur töluverður.

Það sem virðist koma sterkast inn hjá foreldrum nemenda er að þeir eru ánægðir með kennsluaðferðirnar og að skólinn veiti reglulega gagnlegar upplýsingar um námsárangur nemenda. Þeim finnst skólinn einnig standa sig vel í að mennta nemendur.

4.2.1.2 Ánægja með stjórnun skólans að mati foreldra

Foreldrar eru spurðir hvort þeir telja að skólanum sé vel eða illa stjórnað. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja skólanum mjög vel eða frekar vel stjórnað. Foreldrar nemenda í Myllubakkaskóla eru marktækt ánægðari með stjórnun skólans samanborið við landið allt, munurinn er 6,0%.

4.2.1.3 Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra

Foreldrar eru spurðir hvort þeim þyki agi í skólanum vera of mikill, hæfilegur eða of lítill. Reiknað er hlutfall foreldra sem telja aga hæfilegan í skólanum. Í Myllubakkaskóla telja 85,6% foreldra aga vera hæfilegan samanborið við 77,9% á landinu öllu.

4.2.2 Velferð nemenda

Tafla 5 Velferð nemenda að mati foreldra

Velferð nemenda				
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur	
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,9	4,8	+0,1	
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	90,3%	89,8%	+0,5%	
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	92,5%	92,7%	-0,2%	
Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	96,3%	92,8%	+3,5%	
Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	86,0%	89,3%	-3,3%	
Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	23,1%	17,2%	+5,9%	
Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum	72,7%	61,8%	+10,9%	
Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	87,1%	59,2%	+27,9%*	
Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	90,1%	78,9%	+11,2%*	
Meðaltímabil eineltis	1,2	1,4	-0,2	

Velferð nemenda í Myllubakkaskóla er mikilvægur þáttur því hann tekur til líðan nemenda í skólanum, kennslustunda og frímínútna, sem og eineltis. Skólinn er með í gildi eineltisáætlun og er hún aðgengileg á heimasíðu skólans. Þegar kemur að líðan

nemenda og einelti þá er mikilvægt að samskipti þeirra við starfsfólk skólans séu góð og nemendur viti að þeir geti leitað til þeirra.

Vinna gegn einelti er mikilvægur þáttur í skólastarfinu því mikil umræða hefur átt sér stað í samfélaginu um einelti og á neikvæð áhrif þess á alla hlutaðeigandi. Þá er mikilvægt að eineltismál séu unnin af mikilli fagmennsku og skilvirkni.

Myllubakkaskóli kemur vel út þegar spurt er um úrvinnslu skólans á eineltismálum og eineltisáætlunina. En samt sem áður telja foreldrar umfang eineltis vera meira í Myllubakkaskóla en foreldrar á landinu öllu. Sá munur er reyndar ekki marktækur en munurinn er 5,9%. Þegar foreldrar svara spurningunni kemur reyndar ekki fram skilgreining á einelti því ætlunin er ekki að fá viðhorf foreldra gagnvart einelti heldur upplifunar þeirra á stöðunni. Það er því gott að foreldrar telja skólann marktækt taka betur á eineltismálum með fljótvirkum hætti samanborið við landið.

Þeir staðir þar sem foreldrar telja einelti helst koma upp er í frímínútum innandyra og í hádegisstund. Skólinn mun skoða þessar upplýsingar og reyna að koma á móts við þá þörf á aukinni gæslu sem þessar aðstæður virðast kalla á.

4.2.3 Aðstaða og þjónusta

Aðstaða og þjónusta í skólanum fjallar um þrjá meginþætti, þeir eru aðstaða í skólanum fyrir nemendur, sérkennsla/stuðningur nemenda og mötuneytið. Foreldrar eru almennt ánægðir með aðstöðu í skólanum og með mötuneyti skólans og er sá munur í báðum tilvikum marktækur miðað við landsmeðaltal.

Það sem þarfnast breytinga í starfi Myllubakkaskóla er betri kynning á einstaklingsáætlunum og hvers vegna þær eru gerðar, því samkvæmt mati foreldra þá eru einungis 19,2% nemenda í sérkennslu með einstaklingsáætlun samanborið við 30,1% á landinu öllu. Þarna er annaðhvort ekki nægjanlega skilmerkilega gert grein fyrir einstaklingsáætlunum nemenda eða ekki gerður nógu góður greinarmunur á sérkennslu og aðstoð við nám. Í aðstoð við nám þá er nemandi með sama námsefni og bekkjarfélagar og tekur sömu próf og er þá ekki gerð einstaklingsáætlun, ólíkt nemanda sem er í sérkennslu með sérefni.

Tafla 6 Mat foreldra á aðstöðu og þjónustu í skólanum

Aðstaða og þjónusta			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,9	5,1	+0,8*
Ánægja foreldra með tómtundaþjónustu/frístundaheimili	5,3	4,9	+0,4
Hlutfall nemenda í tómtundaþjónustu/frístundaheimili	29,8%	35,7%	-5,9%
Ánægja foreldra með sérkennslu/stuðning í skólanum	92,3%	90,1%	+2,2%
Hlutfall nemenda með sérkennslu/stuðning í skólanum	26,0%	27,6%	-1,6%
Tíðni sérkennslu/stuðnings	80,8%	74,8%	+6,0%
Hlutfall nemenda í sérkennslu sem hafa einstaklingsáætlun	19,2%	30,1%	-10,9%
Hlutfall foreldra í samstarfi um einstaklingsáætlun	80,0%	64,2%	+15,8%
Hlutfall foreldra sem hafa óskað eftir sálfræðiþjónustu á skólaárinu	10,4%	12,9%	-2,5%
Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti	82,4%	74,1%	+8,3%*
Notkun á mötuneyti	87,7%	86,3%	+1,4%
Ástæður þess að nemendur nýta ekki mötuneyti	7,7%	10,2%	-2,5%

Það er þó jákvætt hve stórt hlutfall foreldra er í samstarfi við skólann um einstaklingsáætlun barna sinna, 80,0% á móti 64,2% á landinu.

4.2.4 Foreldrasamstarf

Foreldrar eru almennt ánægðir með samstarf við skólann. Þeir telja sig vera þátttakendur í gerð námsáætlunar með nemandanum og er sá munur marktækur miðað við á landinu öllu. Eins telja foreldrar sig vera upplýsta um stefnu skólans og námskrá og er munurinn marktækur miðað við landsmeðaltal, sá munur kemur skýrar fram á milli árganga. Foreldrar á yngsta- og miðstigi telja sig upplýsta um stefnu skólans og námskrá en sá munur kemur ekki fram á elsta stigi. Gæti það verið vegna aukins sjálfstæðis nemenda á þessum aldri sem krefst minni aðkomu foreldra en þegar börn þeirra voru yngri. Kannski að upplýsingar frá skólanum um stefnu og

námskrá þegar nemendur eru komnir á elsta stig minnki samanborið við á mið- og yngsta stigi.

Myllubakkaskóli getur bætt foreldrasamstarf með því að eiga oftari frumkvæði að því en foreldrum fannst vanta að kennari hefði oftari samband við sig þá til dæmis til að biðja þá um að fylgjast með heimanámi eða ræða við barnið um skóladaginn o.s.frv.

Viðhorf foreldra til heimasíðu skólans var undir landsmeðaltali, en þeim fannst upplýsingar á heimasíðu skólans ekki eins gagnlegar og foreldrum á landinu öllu. Sá munur var þó ekki marktækur.

Tafla 7 Upplifun og viðhorf foreldra til foreldrasamstarfs

Foreldrasamstarf			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	4,7	5,0	-0,3*
Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	58,2%	55,6%	+2,6%
Ánægja með síðasta foreldraviðtal	97,9%	94,4%	+3,5%
Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	64,5%	54,2%	+10,3%*
Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	90,5%	84,8%	+5,7%
Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	77,2%	81,8%	-4,6%
Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	82,4%	73,7%	+8,7%*

4.2.5 Heimastuðningur

Myllubakkaskóli er við landsmeðaltal í fimm af sex liðum í þessum þætti. Í einum liðnum eru svör foreldra yfir landsmeðaltali svo marktækt sé en sá liður tekur til þess tíma sem foreldrar aðstoða við heimanám. Foreldrar eru spurðir hve miklum tíma á dag þeir verja í að aðstoða barnið við heimanám að meðaltali. Reiknað er hlutfall foreldra við skólann sem verja meira en 15 mínútum á dag. Í Myllubakkaskóla er það hlutfall 66,0% en á landinu 52,4%. Þegar þessi liður er skoðaður nánar kemur í ljós kynjamunur. Foreldrar stráka í Myllubakkaskóla aðstoða þá marktækt meir við heimanám (71,2%) samanborið við foreldra stráka á

landinu (53,6%) en sá munur kemur ekki fram hjá foreldrum stelpna (60,0%) við Myllubakkaskóla samanborið við landið (51,1%), þó svo sá munur sé reyndar umtalsverður líka þá er hann ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 8 Mat foreldra á heimastuðningi við börn sín

Heimastuðningur			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Virkni foreldra í námi barna sinna	5,2	4,9	+0,3
Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,6	4,7	-0,1
Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,6	4,4	+0,2
Hæfileg heimavinna að mati foreldra	72,9%	72,8%	+0,1%
Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	66,0%	52,4%	+13,6%*
Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns	76,9%	77,8%	-0,9%

Væntingar foreldra um menntunarstig barns síns er minna í Myllubakkaskóla en á landinu en sá munur er ekki marktækur nema ef einungis sé miðað við foreldra stelpna. Foreldrar stelpna í Myllubakkaskóla hafa marktækt minni væntingar um menntunarstig sinna barna (73,8%) miðað við foreldra stelpna á landinu (83,4%). Sá munur kom ekki fram hjá foreldrum stráka í skólanum (79,6%) miðað við foreldra stráka á landinu (72,1%). Á landinu hafa foreldrar yfirhöfuð meiri væntingar til menntunarstigs stelpna en stráka en þessu er öfugt farið í Myllubakkaskóla. Hver sem ástæðan er þá er þetta þróun sem verður að bregðast við og væri hægt að vinna markvisst með það í skólanum með því að ýta undir jákvæðar fyrirmyndir og kynningar á þeim á miðlum skólans.

4.3 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun fer fram í mars og mælir 15 almenna þætti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um 28 þætti til viðbótar. Þá fær skólastjóri hvers skóla spurningar sem snúa að rekstri skólans og mynda þær spurningar saman 18 þætti til viðbótar. Starfsmannakönnunin fer fram á netinu og er send á tölvupóstföng allra starfsmanna samkvæmt starfsmannalista sem tengiliður Skólapúlsins sendir inn í febrúar. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer einungis fram í mars og niðurstöður hennar birtast á vefsvæði þátttökuskólanna í apríl.

Viðmiðunarhópur þessarar rannsóknar samanstendur af svörum starfsmanna þeirra 66 grunnskóla sem tóku þátt í könnuninni. Skólarnir voru ólíkir af gerð og staðsetningu og í þeim var stór hluti allra starfsmanna grunnskóla á landinu. Fjöldi þátttakenda í Myllubakkaskóla voru 51. Fjöldi svarenda 43 og svarhlutfall 84,3%. Lágmarkssvarhlutfall í hverjum skóla var 80% og nær Myllubakkaskóli þeim viðmiðum en sé svarhlutfall lægra en 70% eru niðurstöður birtar með fyrirvara um að þær endurspegli mögulega ekki almennt viðhorf starfsmanna í skólanum.

Í starfsmannakönnun eru skoðaðir eftirfarandi þættir:

árangur/gæði, tilgangur, áhugi/metnaður, upplýsingaflæði, frumkvæði, viðurkenning, stjórnun, starfsþróun, móttaka nýliða, jafnrétti/jafnræði, ímynd, samvinna, starfsandi, vinnuaðstaða, sveigjanleiki í starfi, álag, starfsmannavelta, starfsöryggi, starfsþróunarsamtal, áreitni og einelti.

Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir að gefa upplýsingar um átta þætti til viðbótar, þættirnir eru:

kennsluaðferðir, viðhorf til starfsins, áreitni og einelti, mat og endurgjöf, náms- og hegðunarörðugleikar, starfsþróun kennara, skólinn sem lærdómssamfélag og stefnumótun.

4.3.1 Almennar rekstrarupplýsingar

Tafla 9 Almennar rekstrarupplýsingar

Almennar rekstrarupplýsingar				
	Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks sem sinnir kennslu	9,1	10,4	-1,3	
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi starfsfólks við önnur störf	20,1	22,2	-2,1	
Hlutfall af heildarstöðugildum sem varið er í önnur störf en kennslu	31,1%	32,0%	-0,9%	
Kynjahlutfall: Hlutfall karlmanna sem sinnir kennslu	26,5%	18,1%	+8,4%	
Hlutfall nemenda sem fá sérkennslu	28,0%	17,5%	+10,5%	
Hlutfall nemenda sem fá sérstuðning annan en sérkennslu	3,5%	6,0%	-2,5%	
Hlutfall barna í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál	27,0%	6,3%	+20,7%	
Símenntunarskylda – fjöldi daga	20,0	6,9	+13,1	
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á yngsta stigi	18,0	17,5	+0,5	
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á miðstigi	21,0	18,3	+2,7	
Meðalfjöldi nemenda í hverjum bekk á unlingastigi	24,0	18,6	+5,4	
Fjöldi nemenda á hverja tölvu	2,8	6,0	-3,2	
Hlutfall far- og spjaldtölva	85,0%	53,0%	+32,0%	
Fjöldi nemenda á hverja gagnvirka töflu	0	25,0	-25,0	
Fjöldi nemenda á hvern skjávarpa	11,3	17,9	-6,6	
Fjöldi kennara um hverja nettengda tölvu	0,4	0,9	-0,5	

Í töflunni hér að ofan sést að Myllubakkaskóli sker sig verulega úr miðað við landið í hlutfalli nemenda sem fá sérkennslu og hlutfalli nemenda í skólanum sem eru með íslensku sem annað mál. Eins sést að á öllum stigum þá eru fleiri nemendur í hverjum bekk að meðaltali í Myllubakkaskóla en á landinu og eykst sá munur upp eftir stigunum. Í Myllubakkaskóla er nemendum, sem þurfa sérkennslu eða þeim sem eru með íslensku sem annað mál, vel sinnt. Í skólanum eru starfrækt tvö

námsver, eitt fyrir yngri og annað fyrir eldri, fjölþjóðadeild sem sinnir stórum hluta nemenda með íslensku sem annað mál. Það eru u.þ.b. sex stöðugildi í skólanum sem ætluð eru kennslu nemenda í hvers konar sérúrræðum. Teljum við því skólann sinna þeim nemendum sem þurfa einhvers konar sérúrræði vel.

Myllubakkaskóli hefur tekið þátt í spjalddölvuvæðingu innan Reykjaneshæðar og er svo komið að allir nemendur 8. , 9. og 10. bekkja skólans eru með spjalddölvu. Tækjabúnaður skólans er því góður hvað þetta varðar.

4.3.2 Allir starfsmenn – Almenn


Tafla 10 Fjarvera, starfsmannaviðtöl, áreiti og einelti á meðal starfsfólks

Allir starfsmenn			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Hlutfall starfsfólks 40 ára og eldri	69,0%	68,8%	+0,2%
Fjarvera heila daga undanfarinn mánuð	1,9 dagar	2,0 dagar	-0,1 dagar
Fjarvera hluta úr degi undanfarinn mánuð	1,4 skipti	1,0 skipti	+0,4 skipti
Seinkoma starfsfólks undanfarinn mánuð	0,4 skipti	0,3 skipti	+0,1 skipti
Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	85,4%	66,4%	+19,0%*
Gagnsemi starfsmannaviðtals	93,9%	85,9%	+8,0%
Tíðni áreitis meðal starfsfólks	9,8%	16,8%	-7,0%
Tíðni eineltis meðal starfsfólks	14,6%	13,0%	+1,6%

Myllubakkaskóli er við landsmeðaltal í fyrstu fjórum matsþáttum sem sjást í töflu 10. Hlutfall starfsfólks sem hefur farið í starfsmannaviðtöl á undanförunum 12 mánuðum er 85,4% á móti 66,4% á landinu, sá munur er marktækur.

Í niðurstöðum sést að Myllubakkaskóli er fyrir neðan landsmeðaltal þegar kemur að áreiti á meðal starfsfólks og munar þar 7,0% stigum. Tíðni eineltis á meðal starfsfólks er þó yfir landsmeðaltali um 1,6% stig. Þessir þættir verða unnir með betri kynningu á starfi trúnaðarmanna, þannig að starfsfólk eigi hægara um vik að leita til þeirra í málum er varða áreitni og einelti.

Tíðni eineltis er að aukast mikið á milli ára á landinu öllu og er sú aukning meiri í skólanum miðað við landið allt eins og sést á mynd 10. Stefna Myllubakkaskóla er að vera við eða undir landsmeðaltal í þessum matsþætti og eins og áður kemur fram teljum við að til að ná því fram verði að kynna störf trúnaðarmanna betur og auka aðgengi að þeim.



Mynd 10 Tíðni eineltis á meðal starfsfólks - Ársmeðaltöl

4.3.3 Allir starfsmenn – Viðhorf til skólans

Myllubakkaskóli er um og yfir landsmeðaltali í öllum matsþáttum er varðar viðhorf starfsfólks til skólans. Starfsmenn skólans eru marktækt ánægðari í skólanum, með stjórnun skólans og upplýsingarstreymi innan skólans samanborið við starfsmenn skóla á landinu öllu.

Þegar rýnt er í gögnin kemur fram að starfsánægja eykst á milli ára eða úr 4,6 í síðustu könnun og uppí 5,6 í ár. Sú hækkun er skýrð af aukinni starfsánægju kennara, úr 5,3 í 5,9, en starfsánægja annars starfsfólks stendur í stað á milli ára.

Tafla 11 Viðhorf starfsfólks til skólans

Viðhorf til skólans			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Starfsánægja í skólanum	5,6	5,2	+0,4*
Starfsandi innan skólans	5,1	5,1	0,0
Stjórnun skólans	5,7	5,0	+0,7*
Upplýsingastreymi innan skólans	5,5	4,9	+0,6*
Starfsaðstaða í skólanum	5,2	5,1	+0,1

Starfsandi innan skólans er sami og landsmeðaltal þrátt fyrir að martktækt telji starfsfólk skólans skólann hafa síður góða ímynd en starfsfólk skóla á landinu öllu. Ánægjulegt að þrátt fyrir það þá nái skólinn landsmeðaltalinu og er hægt að rekja það til starfsandans eða viðhorfi til hans innan skólans. Því þegar spurt er beint um hvort góður starfsandi sé í skólanum þá svara allir þátttakendur Myllubakkaskóla að þeir séu mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu.

Gæði stjórnunar skólans eru metin með því að spyrja starfsfólk sex spurninga um yfirmenn, hrós, hvatningu, traust, samskipti, ágreiningsmál og stjórnun almennt. Hærra gildi er túlkað sem betri stjórnun. Skólinn mælist marktækt betri í þessum matsþætti en landið, og er sá munur töluverður.

Upplýsingastreymi innan skólans er metið með því að spyrja starfsfólk fjögurra spurninga um flæði upplýsinga, stefnumótun og þjálfun nýliða. Hærra gildi er túlkað sem betra upplýsingaflæði. Skólinn mælist marktækt betri í þessum matsþætti en landið.

4.3.4 Kennarar – Kennarastarfið

Kennarar eru spurðir margvíslegra spurninga um kennarastarfið og þeirra viðhorf gagnvart starfinu. Kennarar í Myllubakkaskóla eru við landsmeðaltal þegar spurt er um ánægju með kennarastarfið og trú kennara á eigin getu. Skólinn mælist neikvætt marktækur þegar spurt er um upplýsingamiðlun til foreldra. Upplýsingamiðlun til foreldra er metin með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um tíðni samskipta við foreldra um námsárangur, hegðun og líðan nemenda. Hærra gildi er túlkað sem meiri upplýsingamiðlun. Matsþátturinn lækkar á milli ára eða úr 5,1 árið 2014 í 4,4

árið 2015. Það er einnig vert að minnast á að munurinn á milli skólans og landsmeðaltals er nær eingöngu kominn af miðstigi en þar er munur mælitalna -2,4 stig sem telst mikill munur. Mælitölur eru marktækar á miðstigi miðað við landið allt en ekki á yngsta- og elsta stigi. Eftir að hafa unnið úr þessum niðurstöðum veit skólinn að bæta þarf úr upplýsingamiðlun til foreldra á þessum aldri.

Tafla 12 Viðhorf kennara til kennarastarfsins

Kennarastarfið				
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur	
Ánægja með kennarastarfið	5,4	5,3	+0,1	
Trú kennara skólans á eigin getu	4,8	4,7	+0,1	
Upplýsingamiðlun til foreldra	4,4	5,0	-0,6*	
Tími í heimavinnu á viku	52,2 mín	46,1 mín	+6,1 mín	
Undirbúningur kennslu í skólanum	48,3%	65,3%	-17,0%	
Öllum bekknum kennt í einu	37,9%	44,7%	-6,8%	
Hópavinna í bekk	24,1%	27,3%	-3,2%	
Einstaklingsvinna í bekk	41,4%	32,1%	+9,3%	
Einstaklingsmiðuð kennsla	53,3%	48,3%	+5,0%	
Áhersla kennara á námsmat með prófum	35,7%	22,4%	+13,3%	
Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	58,6%	72,9%	-14,3%	

Það hefur skapast sú hefð meðal kennara í Myllubakkaskóla að vinna undirbúningsvinnu kennslu mikið til heima, niðurstöður í töflu 12 sýna að 48,3% kennara skólans sinna undirbúning í skólanum samanborið við 65,3% kennara á landinu öllu. Sú tala ætti að jafnast út nú þegar samið hefur verið um meiri viðveru í nýjum kjarasamningi kennara.

Miðað við niðurstöður þá virðist námsmat kennara vera einsleitara miðað við námsmat kennara á landinu öllu, þó svo mismunur mælitalna í heild sé ekki marktækur er munurinn samt þó nokkur. Mælitölur á yngsta stigi eru marktækar miðað við landið allt eða 66,7% í skólanum á móti 28,9% á landinu, sem þýðir að kennarar á yngsta stigi í skólanum eru mun líklegri en kennarar á yngsta stigi á

landinu til að vera með námsmat með prófum. Mætti setja átak í gang í Myllubakkaskóla á yngsta stigi varðandi námsmat og að hafa aðferðir til þess fjölbreyttari. Skólinn gæti sett átak í gang og beint símenntun kennara að námsmats námskeiðum.

4.3.5 Kennarar – Starfsumhverfi kennara


Starfsumhverfi kennara er orðið viðameira og flóknara en hér áður með aukinni ábyrgð í uppeldi nemenda og aukinnar þekkingar á greiningum og frávikum hjá nemendum sem taka verður tillit til í kennslu.

Tafla 13 Viðhorf kennara til starfsumhverfis síns

Starfsumhverfi kennara			
Matsþættir	Skólinn	Landið	Mismunur
Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,3	5,0	-0,7*
Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,9	5,2	-0,3
Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,2	5,0	+1,2*
Samráð um kennslu	4,1	5,0	-0,9*
Samvinna um kennslu	4,3	5,1	-0,8*
Valddreifing við ákvarðanatöku	5,2	4,9	+0,3
Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	4,6	4,8	-0,2
Vinnuaðstæður kennara	5,5	5,2	+0,3*

Með aukinni ábyrgð þá þurfa kennarar meiri stuðning til þess að takast á við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í dag. Í Myllubakkaskóla finnst kennurum þeir ekki fá nægan stuðning vegna nemenda með námserfiðleika og er sá munur marktækur samanborið við landið allt. Stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika er metinn með því að spyrja kennara þriggja spurninga um aðgang kennara að starfsfólki til að aðstoða í og utan kennslustofunnar og aðgang að ráðgjöf sérfræðinga. Hærra gildi er túlkað sem aukinn stuðningur við kennara vegna nemenda með námserfiðleika. Þessi stuðningur við kennara sem ætti að vera að aukast hefur þvert á móti dregist saman á milli ára að mati kennara í Myllubakkaskóla.

Sjálfsmatsskýrsla 2014-2015



Mynd 12 Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika - Ársmeðaltöl

Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara er metinn með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um ráðgjöf, virkni, hvatningu og frumkvæði skólastjóra í samskiptum við kennara um starfið. Hærra gildi er túlkað sem aukin faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. Kennarar skólans upplifa marktækt meiri faglegan stuðning frá skólastjóra samanborið við landið allt (+1,2) og telst sá munur vera talsverður. Kemur sá munur fram á öllum stigum en er þó bara marktækur á yngsta stigi (+1,3).

Samráð um kennslu er metið með því að spyrja kennara fjögurra spurninga um samræður við aðra kennara um val á kennslugögnum, samnýtingu kennsluefnis, teymisfundi, matsaðferðir og námsframvindu nemenda. Samvinna um kennslu er metin með því að spyrja þriggja spurninga um tengingu námsgreina, samstarf á milli bekkja og aldurshópa og skoðun á kennslu annarra kennara. Hærra gildi eru túlkuð sem meira samráð á milli kennara um kennsluna og sem aukin samvinna á milli

kennara um kennslu. Kennarar skólans meta samráð um kennslu og samvinnu á milli kennara sem minni í Myllubakkaskóla samanborið við kennara á landinu öllu og eru mælitölur marktækar. Kennarar skólans vinna sem sagt minna saman og hafa minna samráð um kennslu en kennarar á landsvísu, sem verður að teljast neikvætt því þá er mannaflinn ekki nýttur sem skyldi og mörg tækifæri á skólaþróun og bætingu á gæðum skólastarfsins eru ekki nýtt til fulls. Til að bæta úr þessu væri hægt að koma á fleiri samráðsfundum, þar sem færri kennarar koma að málum og vinna að settu marki á einhverju sviði, ekki ólíkt *Leið til læsis* verkefninu.

Kennarar meta vinnuaðstæður sínar sem betri aðstæður samanborið við kennara á landinu öllu. Telst sá munur vera lítil en marktækur. Betri vinnuaðstæður telja kennarar að ýti undir samvinnu á milli kennara og ætti að gera þeim auðveldara um vik að bæta þann þátt eins og áður segir.

4.3.6 Kennarar – Símenntun kennara

Samkvæmt niðurstöðum þá hafa kennarar Myllubakkaskóla sinnt símenntun sinni vel og hafa að meðaltali verið í fleiri daga en kennarar á landsvísu eða 12,4 dagar á móti 11,8 dögum. Kennarar Myllubakkaskóla telja einnig þörf á minni símenntun en kennarar á landinu öllu (-0,4). Að lokum þá telja kennarar skólans símenntunar þörf innan skólans vera fullnægt en einungis 46,4% aðspurðra myndu vilja meiri símenntun samanborið við 62,7% á landinu.

5 Lestrarskimanir

Lestarstefna Myllubakkaskóla var tekin til skoðunar árið 2012. Var þá myndað lestrarteymi sem skoðaði lestrarkennsluna og setti fram gott skipulag fyrir hvern árgang um bætta færni í lestri og lesskilningi. Út frá þeirri vinnu var ákveðinn verkferill útbúinn í kringum áframhaldandi lestrarkennslu. Þar koma fram markmið, kennsluaðferðir, námsefni, matstæki, viðmið og úrræði fyrir hvern árgang. Lestarstefnan stýrir því kennslu og mati í lestri á öllum stigum. Því fyrir utan hefðbundið mat í tengslum við hvert fag þá eru einnig notaðar lestrarskimanir til að meta getu nemandans miðað við aldur og þroska. Með þessu skipulagi teljum við að lestrarkennslan verði markvissari og eftirfylgni með lestrinum betri.

Lestrarskimanir í Myllubakkaskóla eru:

- 1. bekkur** Leið til læsis frá Námsmatsstofnun = Greina stafabekkingu – hljóðkerfisvitund og hugtakaskilning við upphaf skólagöngu. Sjónrænn orðaforði er kannaður tvisvar á árinu þ.e. jan./feb. og mar./apr. Lesfimi er að lokum könnuð í apr./maí.
Læsi 1., 2. og 3. hefti eru lögð fyrir í okt., feb. og maí.
- 2. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt., sjónrænn orðaforði í nóv. og feb. og lesfimi í apr./maí.
Læsi 1. og 2. hefti eru lögð fyrir í feb. og apr.
- 3. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt., sjónrænn orðaforði í nóv. og feb. og lesfimi í apr./maí.
Logos: tölvuforrit/próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika hjá börnum, unglingum og fullorðnum.
- 4. bekkur** Leið til læsis: lesfimi í okt. og í apr./maí.
Raddlestrarpróf sem mæla lestrarhraða.
- 5. bekkur** Raddlestrarpróf og Orðarún.
- 6. bekkur** Raddlestrarpróf og Logos-lesskimunarpróf.
- 7. bekkur** Raddlestrarpróf og niðurstöður samræmdra könnunarprófa.
- 8. bekkur** Raddlestrarpróf og Orðarún.
- 9. bekkur** Logos-lesskimunarpróf og Raddlestrarpróf.
- 10. bekkur** Raddlestrarpróf og Samræmd könnunarpróf.

5.1 Læsi

Ýmsar skilgreiningar eru til um læsi. Sú sem hér er valin kemur frá Sarah Gudschinsky (2000) sem taldi læsan mann vera þann „sem getur út frá því tungumáli sem hann talar, lesið og skilið allt sem hann myndi skilja ef honum hefði verið sagt það og skrifað allt sem hann vill segja, þannig að það megi lesa það“.

Árlega eru Læsisniðurstöður skoðaðar til að kanna framgang lestrarkennslu í 2. bekk. Árið 2013 var skólinn undir meðaltali, árin 2011 og 2012 var skólinn yfir meðaltali. Árið 2013 var skólinn rétt yfir meðaltali þ.e. nemendur náðu að meðaltali 65,22% árangri í könnuninni en nemandi er talinn geta lesið sér til gagns ef hann er yfir 65%. Árið 2014 var skólinn rétt undir meðaltali miðað við meðaltal allra skóla í Reykjanesbæ en árið 2015 sést að skólinn er kominn langt yfir meðaltal í Reykjanesbæ og árinu 2015 þá teljast rúm 84% nemenda vera læsir.

Tafla 11 Ársmeðaltöl læsra nemenda

Læsi 2 – 2015					
	2011	2012	2013	2014	2015
Myllubakkaskóli	78,2%	73,3%	65,2%	71,2%	80,4%
Reykjanesbær	73,6%	75,3%	72,2%	71,4%	71,7%
Reykjavík	73,4%	72,4%	70,4%	70,6%	

Tafla 12 Hlutfall læsra nemenda í Myllubakkaskóla eftir árum

Hlutfall læsra nemenda samkvæmt Læsi 2					
	2011	2012	2013	2014	2015
65% árangur og yfir	79,0%	65,0%	57,1%	65,6%	84,4%
Undir 65% árangri	21,1%	35,0%	42,9%	34,4%	15,6%
Meðaltal	78,2%	73,3%	65,2%	71,2%	80,4%

5.2 Logos-læsissskimun

Skólaárið 2012 - 2013 byrjaði Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar að leggja fyrir skimanir í tengslum við lestur (Logos). Lestrarskimunin ber heitið „Logos“. Logos kannar lestrarhraða og lesskilning nemenda og gefur til kynna ef að nemandi á við

lestrarörðugleika að stríða. Þættir sem skimunin prófar eru lestur, lesskilningur, lestur með hljóðaaðferð (bullorð) og lestur út frá rithætti. Skimunin er lögð fyrir í 3., 6. og 9. bekk. Viðmið þessarar skimunar er að **yfir 70% nemenda hvers árgangs nái yfir 30 í hundraðsröðun.**

5.2.1 Logos-læsiskimun í 3. bekk


Niðurstöður fyrir 3. bekk eru eftirfarandi:

Tafla 13 Logos-læsissskimun 3. bekkur í Myllubakkaskóla og í Reykjanesbæ


Logos-læsissskimun 3. bekkur 2014-2015				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	14 45,2%	8 25,8%	9 29,0%	31 100,0%
Reykjanesbær	115 63,5%	25 13,8%	41 22,7%	181 100,0%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	14 45,2%	6 19,4%	11 35,5%	31 100,0%
Reykjanesbær	97 53,6%	32 17,7%	52 28,7%	181 100,0%

Eins og sést í töflunni þá er Myllubakkaskóli að koma verr út en skólar að meðaltali í Reykjanesbæ, bæði í leshraða og lesskilning. Svo virðist sem þeim nemendum sem skora á milli 15 og 30 sé að fjölga þegar nemendum í yfir 30 er að fækka. Myndirnar hér á eftir sýna þróunina síðast liðinn fjögur ár enn betur. Frá því árið 2011 þá hefur Myllubakkaskóli fylgt meðatali í Reykjanesbæ í leshraða nema á skólaárinu 2014-2015, þá er eins og áður segir Myllubakkaskóli með lakara hlutfall nemenda sem ná viðmiðum en Reykjanesbær í heild.

Í lesskilning er hlutfall nemenda sem ná viðmiðum einnig lakara í Myllubakkaskóla miðað við Reykjanesbæ í heild, þó er ekki eins mikill munur og á leshraða.




Mynd 13 Ársmeðaltöl í leshraða í Myllubakkaskóla




Mynd 14 Ársmeðaltöl í leshraða í Reykjanesbæ

Í leshraða þá hefur Myllubakkaskóli náð viðmiðum tvisvar eða skólaárin 2011-2012 og 2013-2014. Í Reykjanesbæ í heild hefur sömu viðmiðum verið náð tvisvar og var það skólaárin 2012-2013 og 2013-2014.



Mynd 15 Ársmeðaltöl í lesskilningi í Myllubakkaskóla



Mynd 16 Ársmeðaltöl í lesskilningi í Reykjanesbæ

Eins sést á myndunum þá hefur viðmiðum um að 70% nemenda nái 30 eða yfir í lesskilningi aldrei verið náð í Myllubakkaskóla og einu sinni í Reykjanesbæ.


5.2.2 Logos-læsiskimun í 6. bekk

Niðurstöður fyrir 6. bekk eru í eftirfarandi töflu og sést að Myllubakkaskóli hefur ekki náð viðmiðum sínum um 70% árangur í leshraða og lesskilningi.


Tafla 14 Logos-lesskimun í 6. bekk í Myllubakkaskóla

Logos-læsissskimun 6. bekkur 2014-2015				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	13	5	8	26
	50.0%	19.2%	30.8%	100.0%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	17	4	5	26
	65.4%	15.4%	19.2%	100.0%

Þrátt fyrir að Myllubakkaskóli hafi ekki náð viðmiðum í 6.bekk þá sést að skólinn er að bæta sig mikið á milli ára bæði í leshraða og lesskilning.




Mynd 17 Ársmeðaltöl í leshraða og lesskilningi í Myllubakkaskóla



Mynd 18 Samanburður á leshraða í 3. og 6. bekk í Myllubakkaskóla árið 2014-2015

Þegar sömu nemendur eru bornir saman við Logos-lesskimun í 3. bekk og 6. bekk þá sést að nemendum hefur ekki farið mikið fram. Flestir nemendur fá verri útkomu í 6. bekk í leshraða heldur en í 3. bekk og eru fáir sem halda sama leshraða á milli mælinga.



Mynd 19 Samanburður á lesskilning í 3. og 6. bekk í Myllubakkaskóla árið 2014-2015


Í lesskilningi eru niðurstöður ekki eins afgerandi og ná fleiri nemendur að halda í við fyrri árangur og bæta hann. Skilningurinn virðist þá aukast á kostnað leshraða.

5.2.3 Logos-læsiskimun í 9. bekk


Niðurstöður fyrir 9. bekk sjást hér að neðan og kemur fram að Myllubakkaskóli hefur ekki náð viðmiðum sínum um 70% árangur í leshraða en er reyndar ekki langt frá því. Viðmiðum er náð í lesskilning í 9. bekk. Hvorugu þessara viðmiða náðist á síðasta skólaári en þá voru um 63% nemenda sem náðu viðmiðum í leshraða og 68% í lesskilning. Bæting á milli ára er því til staðar.

Tafla 15 Logos-læsissskimun í 9. bekk í Myllubakkaskóla árið 2014-2015


Logos-læsissskimun 9. bekkur 2014-2015				
Leshraði				
	yfir 30	milli 15 og 30	undir 15	samtals
Myllubakkaskóli	19	5	4	28
	67.9%	17.9%	14.3%	100.0%
Lesskilningur				
Myllubakkaskóli	20	3	5	28
	71.4%	10.7%	17.9%	100.0%



Þegar myndin hér að framan er skoðuð þá virðist ekki vera mikil tenging á milli leshraða og lesskilnings. Virðist allur gangur á því hvort nemendur séu með lítinn leshraða og þá mikinn skilning og öfugt. Þessar tvær mælingar fylgjast ekki að nema í um helming tilvika.



Mynd 20 Samanburður á leshraða hjá nemendum í 6. og 9. bekk í Myllubakkaskóla



Mynd 21 Samanburður á lesskilning hjá nemendum í 6. og 9. bekk í Myllubakkaskóla

Þegar gerður er samanburður á leshraða og lesskilningi hjá sömu nemendum þegar þeir voru í 6. og svo 9. bekk þá sést að þeir hafa bætt sig verulega í leshraða. Sú hækkun er ekki eins afgerandi þegar lesskilningur er skoðaður.

6 Talnalykill

Unnið er markvisst að því að styrkja grunnfærni nemenda í stærðfræði og kennarar leitast við að velja námsefni sem fellur að markmiðum aðalnámskrár, eru fjölbreytt og hentar sem flestum nemendum. Í stærðfræði er lagt fyrir skimunarprófið Talnalykill í ákveðnum árgöngum. Úrræði fyrir nemendahópa eða einstaka nemendur eru fundin þegar niðurstöður skimana liggja fyrir.

Talnalykill er skimun sem mælir getu nemenda í þeim atriðum sem þeir eiga að vera búnir að tileinka sér í hverjum árgangi miðað við Aðalnámskrá grunnskóla. Stærðfræðiferlar voru hannaðir skólaárið 2011-2012 út frá aðalnámskrá til að samræma vinnulag í skólanum. Atriðalistar / þrepamarkmið sem finna má í ferlunum eru ætlaðir sem gátlistar fyrir kennara, nemendur og foreldra. Stærðfræðiferla fyrir allar bekkjardeildir er að finna á heimasíðu skólans. Stærðfræðiferlar tengjast einmitt beint við Talnalykilinn. Talnalykillinn er lagður fyrir í 3. og 6. bekk. Viðmiðið í þessari skimun er **að 3. bekkingar nái að meðaltali yfir 70% árangri í skimuninni og að 6. bekkingar nái að meðaltali yfir 60% árangri í skimuninni.**

6.1 Talnalykill í 3. bekk

Tafla 19 Ársmeðaltöl 3. bekkjar í Myllubakkaskóla

Í niðurstöðum sést að mikið stökk er á milli ára í árangri nemenda í talnalyklinum. Sá árgangur sem var í 3. bekk skólaárið 2014-2015 náði viðmiðum og gott betur, en viðmið náðust ekki skólaárin 2012-2013 (20,6%) og 2013-2014 (4,4%).

Talnalykill ársmeðaltöl 3. bekkur			
	yfir 70%	undir 70%	samtals
2014-2015	20 80.0%	5 20.0%	25 100.0%
2013-2014	1 4.4%	22 95.7%	23 100.0%
2012-2013	7 20.6%	27 79.4%	34 100.0%

6.2 Talnalykill í 6. bekk

Niðurstöður sýna að nemendur í 6. bekk náðu viðmiðum og vel það. Er það mikil bæting á milli ára hjá 6. bekk.


Tafla 16 Ársmeðaltöl talnalykils hjá 6. bekk í Myllubakkaskóla

Talnalykill ársmeðaltöl 6. bekkur			
	yfir 60%	undir 60%	samtals
2014-2015	19 73.1%	7 26.9%	26 100.0%
2013-2014	16 55.2%	13 44.8%	29 100.0%
2012-2013	25 75.8%	8 24.2%	33 100.0%

7 Samræmd próf

Á haustin þreyta nemendur í 4., 7. og 10. bekk samræmd próf í íslensku og stærðfræði og tekur 10. bekkur einnig próf í ensku. Samræmd próf eru tekin á sama tíma á öllu landinu og eru ein leið af mörgum til að afla upplýsinga um stöðu nemenda og einnig stöðu skólans. Það er Námsmatsstofnun sem vinnur úr prófunum og sendir skólanum niðurstöðurnar og hver staða skólans er í samanburði við aðra skóla á landinu. Stjórnendur og kennarar rýna síðan í þessar niðurstöður og þá sérstaklega í framfarastuðul hvers og eins nemenda.

Prófin eru byggð upp af nokkrum þáttum og er því hægt að sjá hvar hver nemandi þyrfti helst að bæta sig sem og fyrir skólann að sjá hvar áherslur í kennslu gætu þurft að breytast. Íslenskuprófið í 4. og 7. bekk byggir á stafsetningu, lestri og hlustun, málnotkun og ritun. Í 10. bekk samanstendur prófið af þáttunum málfræði, lestri og bókmenntum og ritun. Stærðfræðiprófið í 4. bekk byggir á þáttunum reikningur, rúmfræði og tölur. Í 7. bekk á reikningi, tölfræði og rúmfræði og í 10. bekk á reikniaðgerðum, hlutföllum, algebru og rúmfræði. Ensku prófið í 10. bekk samanstendur af þáttunum lestri og málnotkun.



Mynd 22 Niðurstöður samræmdra prófa í Myllubakkaskóla 2014

7.1 4. bekkur

Eins og sést á myndinni hér að framan þá stóð 4. bekkur sig vel í samræmdum prófum, en hann var yfir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Árangurinn er sérstaklega góður í stærðfræði þar sem 4. bekkur er fimm stigum fyrir ofan landsmeðaltal.

Þeir þættir í íslensku sem gæti verið vert að líta betur á eru ritun og málnotkun en þar er 4. bekkur undir landsmeðaltali, með 29,3 stig í ritun og 28,9 í málnotkun.

7.2 7. bekkur

Í stærðfræði var 7. bekkur yfir landsmeðaltali í stærðfræði en undir í íslensku. Þeir þættir í íslensku sem voru slakir voru lestur og hlustun en þar var 7. bekkur með 23,1 sem er langt undir landsmeðaltali. 7. bekkurinn var þó yfir landsmeðaltali í ritun (32,3) sem er jákvætt.

7.3 10. bekkur

Á myndinni hér að ofan kemur fram að 10. bekkur er undir landsmeðaltali í íslensku, stærðfræði og ensku.

Í íslensku er Myllubakkaskóli langt undir landsmeðaltali og munar sjö stigum. Sá þáttur prófsins sem kom verst út var ritun (21,1). En leggja þarf meiri áherslu á alla þætti prófsins þar sem viðmiðum þess var ekki náð að neinu marki.

Í stærðfræði er Myllubakkaskóli undir landsmeðaltali og sýna niðurstöður að enginn einn þáttur prófsins var mikið slakari en annar, en stigin eru frá 26 til 28.

Nemendur 10. bekkjar ná ekki landsmeðaltali í ensku og er það málnotkunin sem dregur þá niður en ekki lestur og lesskilningur.

8 Lokaorð

Sjálfsmat skóla er viðfangsefni sem er viðvarandi og stöðugt allt skólaárið. Í þessari skýrslu hefur verið gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í skólastarfinu, mati á þeim og tillögum til úrbóta þar sem við á.

Vinna við matið á að nýttast öllum starfsmönnum skólans til að bæta starfið, leggja línurnar fyrir næsta skólaár og gera gott starf enn betra.